

Umhverfis- og skipulagsráð

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2022

USK22010137

Efni: Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna skýrslu starfshóps um forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs, þann 16.2.2022 var lögð fram umsagnarbeiðni skrifstofu borgarstjórnar varðandi forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar sem vísað var til skrifstofu umhverfisgæða til umsagnar.

Í skýrslunni eru færð rök fyrir því að þörf sé á brennslustöð til meðhöndlunar á úrgangi til þess að draga úr urðun. Vegna stefnubreytinga í móttökulöndum séu líkur á að möguleikar á útflutningi úrgangs leggist af með tímanum eða verði kostnaðarsamir vegna brennsluskatta. Slík lausn geti því eingöngu verið millibilslausn meðan unnið sé að lausn innanlands. Bygging sorpbrennslustöðvar hefur verið í svæðisáætlun sveitarfélaganna á suðvesturhorninu undanfarin ár. Mikilvægt er að fyrir hendi séu innviðir sem tryggja örugga meðhöndlun á brennanlegum úrgangi sem ekki er hæfur til endurnotkunar eða endurvinnslu og jákvætt að undirbúningur sé nú hafinn.

Sorpbrennsla með orkunýtingu telst vera endurnýting úrgangs, sem er skör lægra í forgangs röðun á meðhöndlun úrgangs en endurvinnsla en umhverfislega æskilegri ráðsstöfun en urðun(förgun). Áfram þarf að efla úrgangsforvarnir, endurnotkun og endurvinnslu úrgangs til að markmið laga og reglugerða náist. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa undirritað viljayfirlýsingu um aukna og samræmda flokkun úrgangs sem mun minnka magn úrgangs frá sveitarfélagunum sem þarf meðhöndlun í brennslustöð og er tekið tillit til þeirra aðgerða í áætlun um árlega afkastagetu stöðvarinnar. Ekki er tekið tillit til úrgangsforvarna og annarra aðgerða til að draga úr magni úrgangs. Mikilvægt er að tekið er tillit til megin áhrifavalda á magnstrauma úrgangs til stöðvarinnar, til að minnka líkur á að stöðin verði og stór og afla þurfi úrgangs til brennslu annarsstaðar frá á hugsanlega lægra móttökugjaldi en ella eins og dæmi hafa verið um á meginlandinu eða brenna og endurnýta endurvinnanlegt efni.

Við brennsluna falla til árlega um 32,5 þúsund tonn af botnösku og 3,25 þúsund tonn af flugösku (úr lofthreinsivirkjum). Skýrslan gerir ráð fyrir því að nota megi botnöskuna í vegagerð eða landmótun, en forsenda fyrir því er að útskolunarpróf sýni að hún innihaldi ekki mengandi efni í of miklum mæli. Til að það megi fram ganga mun vera nauðsynlegt að ekki sé tekið við spilliefnum til eyðingar.

Mjög æskilegt er að þessi áform um nýtingu botnösku gangi fram, en að öðrum kosti verður að afsetja öskuna á urðunarstað. Ekki er ljóst hvar sá urðunarstaður gæti verið ef Álfsnes lokar.

Til að auka líkur á að endurnýting botnöskunnar verði að veruleika þarf öfluga og góða sérsöfnun á spilliefnum og aukna fræðslu til íbúa og rekstaraðila um mikilvægi þess að flokka og skila spilliefnum. Þar að auki þarf koma upp fullnægjandi farveg fyrir meðhöndlun spilliefna eða auka sérhæfni núverandi innviða. Varðandi flugösku er nefnt að komnar séu fram aðferðir til að hreinsa hana og þá megi nota



hana í steinsteypu eða malbik. Í dag er flugaska frá Kólku skilgreind sem spilliefni, henni pakkað í stórsekki og hún flutt utan í urðun enda ekki til urðunarstaður fyrir spilliefni hér á landi.

Eins kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir því að dýrahæ og slíkur úrgangur fari í stöðina vegna rakainnihalds sem geri dýrahæ illbrennanleg nema eldsneyti komi til og geti haft neikvæð áhrif á orkuframleiðslu stöðvarinnar og fræðilega séð ógnað stöðu hennar sem endurnýtingarfarveg skv. ákvæðum í úrgangstilskipun Evrópusambandsins. Þessu atriði er ekki gerð nánari skil í skýrslunni, en sé niðurstaðan sú að ekki verði tekið á móti þessum úrgangi í brennslustöðinni þarf að koma upp fullnægjandi meðhöndlun á úrganginum, sem er væntanlega minni brennslustöð, nema hægt sé að sérhæfa og nota aðra innviði.

Fram kemur að brennsla til orkunýtingar dragi verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, en nýtt orka sem stöðin framleiðir muni þó koma í stað endurnýjanlegar orku, þannig að loftslagslega sé ávinningurinn minni en af sambærilegum stöðvum erlendis. Jákvætt væri fef hægt væri að fanga koltvísýringinn og nýta hann í öðrum ferlum, eða að dæla honum í jörðu. Með því er meðhöndlun úrgangs því sem næst kolefnishlutlaus.

Varðandi staðarval er niðurstaðan að ákjósanlegasta staðsetningin sé Álfsnes. Tekið er undir þá niðurstöðu enda staðsetningin næst þungamiðju í myndun úrgangs. Í dag er móttaka úrgangs og umhleðsla hjá Sorpu í Gufunesi, þar sem úrgangurinn er baggaður og fluttur áfram með flutningabílum. Rætt hefur verið um að móttaka úrgangs flytjist úr Gufunesi í Álfsnes. Verði af því að mun akstur sorphirðubíla og annar flutningur úrgangs aukast umtalsvert með tilheyrandi kostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda og sliti á umferðarmannvirkjum. Í nóvember 2021 fóru bílar sorphirðu Reykjavíkurborgar alls 445 ferðir í móttökustöðina í Gufunesi með úrgang til urðunar eða endurvinnslu, eða rétt rúmlega 20 ferðir á dag. Akstursleiðin frá Höfðabakka í Álfsnes í gegnum Mosfellsbæ er um 15,5 km önnur leiðin en rúmir 3,6 km í Gufunes. Alls eykst aksturslengdin í ferð til að losa bíl um 12 km önnur leiðin, eða sem nemur rúmlega 10.000 km á meðal mánuði fyrir alla. Svipað aukning í akstri gildir að sama skapi um stóran hluta úrgangs af höfuðborgarsvæðinu. Að mati USK þarf að skoða flutninga til og frá stöðinni gaumgæfilega og meta hvort þörf sé á umhleðslustöð fyrir úrgang í austurhluta borgarinnar til að draga úr flutningum.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Gunnarsson

Friðrik Gunnarsson,
skrifstofa umhverfisgæða